

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Austurbyggð.

1. gr.

Sveitarsjóður Austurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Austurbyggð og hreinsun rotþróa í Austurbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur í Austurbyggð, nr. 128/2004.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimtaug	≤	150 mm	40.000 kr.
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimtaug	>	150 mm	90.000 kr.

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Árgjald:

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróar (jafnaðargjald) skal vera eftirfarandi:

	Stærð í lítrum	Árgjald	Tæmingargjald
Rotþró	0-2.000	3.000	9.000
Rotþró	2.001-4.000	3.500	10.500
Rotþró	4.001-6.000	4.150	12.450

Gjald fyrir tæmingu rotþróa greiða þeir sem skrá sig til þátttöku í reglubundinni tæmingu á vegum sveitarfélagsins.

Gjalddagar árgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjald fyrir sérstaka þjónustu:

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6000 lítrar skal vera kr. 2.000 pr. m³ fyrir hverja losun.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en 50 metrar en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega kr. 4.000 á hverja losun.

Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð skal húseigandi greiða aukalega gjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi.

Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Austurbyggðar 20. janúar 2004.

Fáskrúðsfirði, 30. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Austurbyggðar,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.